

Fundargerð 20. fundar stjórnar SSA haldinn 20. febrúar 2026

Fundurinn haldinn Teams og hófst 10:10.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Þuríður Lillý Sigurðardóttir (varaformaður), Eyþór Stefánsson, Stefán Þór Eysteinnsson og Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir. Jóhann Frímann Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mætt frá Austurbrú: Bryndís Fiona Ford (framkvæmdastjóri) og Jón Knútur Ásmundsson (fundarritari).

Gestur: Magnús Jónsson frá KPMG.

1. Fundargerð SSA nr. 19 til kynningar

2. Ársreikningur 2025 og Minningarsjóðs Ragnhildar B. Methúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar

- Magnús Jónsson endurskoðandi hjá KPMG fór yfir ársreikning SSA sem í beinu framhaldi var lagður fram til umræðu og afgreiðslu stjórnar. Stjórn samþykkti ársreikninginn samhljóða, staðfesti með rafrænni undirskrift og vísaði áfram til fjárhagsnefndar.
- Þá var jafnframt kynntur ársreikningur Minningarsjóðs Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar. Stjórn samþykkti ársreikninginn samhljóða, staðfesti með rafrænni undirskrift og vísaði einnig áfram til fjárhagsnefndar.

3. Uppfærð fjárhagsáætlun SSA 2026 og drög að áætlun fyrir árið 2027

- Framkvæmdastjóri kynnti uppfærða fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 og drög að áætlun fyrir árið 2027. Stjórn vísar málinu áfram til fjárhagsnefndar.

4. Samningur SSA við Austurbrú - til kynningar

- Almennar umræður um fjármál og rekstur SSA og þjónustusamninginn við Austurbrú sem þarf að uppfæra. Framkvæmdastjóri vinnur málið áfram.

5. Áhersluverkefni sóknaráætlunar 2026 - til staðfestingar

- Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að áhersluverkefnum sóknaráætlunar 2026. Stjórn ræddi tillöguna og var hún í kjölfarið borin undir atkvæði. Stjórn samþykkti hana samhljóða.

6. Skipan í fjárhagsnefnd

- Framkvæmdastjóri lagði til að Guðlaugur Sæbjörnsson og Gunnar Jónsson tækju sæti í fjárhagsnefnd. Stjórn samþykkti tillöguna.

7. Erindi frá byggðaráði Múlaþings - kostnaður og tekjur ríkisins af Austurlandi

- Framkvæmdastjóri kynnti kostnaðaráætlun frá Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) vegna mögulegrar vinnu við skýrslu um kostnað og tekjur ríkisins af Austurlandi. Stjórn telur kostnaðinn of háan og felur framkvæmdastjóra að leita annarra leiða.

8. Erindi frá byggðaráði Múlaþings - sameiginleg varðveislurými

- Lögð fram bókun úr fundargerð fagraðs Minjasafns Austurlands frá 5. janúar 2026 þar sem því er beint til sveitarfélaga á Austurlandi að taka upp samtal um möguleika á sameiginlegu varðveislurými fyrir safnkost svæðisins. Tillaga barst frá byggðaráði Múlaþings um að fela Austurbrú að leiða samtal sveitarfélaganna um málið. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

9. Drög að bréfi til menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra v/menntaívilnana

- Framkvæmdastjóri kynnti bréf til menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins vegna menntaívilnana til að styðja við mönnun Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum um stöðu málsins og ráðherra hvattur til að beita fyrirbyggjandi heimildum. Samþykkt samhljóða.

10. Umsagnarbeiðnir til SSA

- Drög að frumvarpi til laga um lagareldi - umsögn send 23. janúar
- Breyting á vernd og orkunýtingu landsvæða. Umsögn vísar til fyrri umsagnar – send 30. janúar
- Stuðningur við vísindi og nýsköpun - umsögn send 10. febrúar
- Atvinnuleysistryggingasjóður - umsögn send 11. febrúar
- Samgönguáætlun 2026-2040 - umsögn send 11. febrúar
- Starfsstöð þylu á NA-landi - umsögn send 10. febrúar
- Einföldun regluverks heilbrigðiseftirlit – umsögn send 17. febrúar
- Sameining Matvælastofnunar, Fiskistofu ofl. – drög að umsögn kynnt sem skilað verður 20. febrúar
- Grænbók byggðamála - skil 2. mars - vinnsla ekki hafin

11. Umsagnarbeiðnir til svæðisskipulagsnefndar

- Stækkun iðnaðar- og athafnasvæðis við Hjallaleiru - umsögn send 9. febrúar
- Tjaldsvæði og íbúðabyggð á Eskifirði - umsögn send 30. janúar
- Aðalskipulag Múlaþings - umsögn send 30. janúar
- Gilsárvirkjun – í vinnslu
- Hjallaleira - í vinnslu

12. Fundargerðir og erindi til kynningar

- SSNV, fundur nr. 135 og 134
- SSNE, fundur nr. 80
- SASS fundur nr. 633
- SSS, fundur nr. 820 og 50. aðalfundur
- SSH, fundur nr. 621 og 622
- Hreindýraráð 12/2025

13. Önnur mál

- Engin önnur mál til umræðu.

Fundi slitið 11:50.

Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Stefán Þór Eysteinsson

Eypór Stefánsson

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir

Jóhann Frímann Þórhallsson